

Miðvikudaginn 31. október 1984.

Nr. 103/1982. **Þráinn Gíslason**

(Jón Oddsson hrl.)

gegn

**Sólveigu Aðalbjörgu Sæmundsdóttur
og gagnsök**

(Jón Finnsson hrl.)

Líkamsmeiðingar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson og Gaukur Jörundsson prófessor.

Aðaláfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 4. maí 1982. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda í málinu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann lækkunar á kröfum gagnáfrýjanda og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 28. maí 1982 og gerir þær dómkröfur, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 73.737.00 krónur með 13% ársvöxtum frá 29. maí 1977 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 27. maí 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu héraðsdóms (21. apríl 1982) og síðan með hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafvarnar- og gjafsóknarmál, en gagnáfrýjanda var veitt gjafsókn fyrir Hæstarétti með leyfi dómsmálaráðherra 2. júní 1982.

Telja verður að aðaláfrýjandi beri fébótaábyrgð gagnvart gagnáfrýjanda á meiðslum hennar, hvort sem lögð er til grundvallar sú staðhæfing hennar, að áverkana hafi hún hlotið við það, að aðal-

áfrýjandi hafi ráðist að henni með hnefahöggum, eða tekin er trúanleg sú skýring aðaláfrýjanda sjálfs, sem þó er ósennilegri en svo sem lemstrun gagnáfrýjanda var háttað, að meiðslin stafi af falli, sem orsakast hafi af ryskingum hans við Hauk Helgason.

Gagnáfrýjandi sundurliðar kröfur sínar með sama hætti og fyrir héraðsdómi.

Um 1. - 3. kröfulið.

Með hliðsjón af aldri gagnáfrýjanda, örorku hennar, heilsuhögum að öðru leyti svo og atvinnutekjum hennar, áður en hún hlaut meiðsli sín, verður látið sitja við mat héraðsdóms á tjóni hennar vegna missis vinnutekna og varanlegrar örorku samkvæmt þessum kröfuliðum.

Um 4.kröfulið.

Gagnáfrýjandi lá á háls-, nef- og eyrnadeild Borgarspítalans 30. maí - 7. júní 1977 vegna kjálkabrotsins. Brotið greri seint, og gagnáfrýjandi gekkst undir framhaldsaðgerð á lýtalækningadeild Landspítalans, þar sem hún lá 5. - 18. febrúar 1978. Hún virðist enn fremur hafa dvalist allmargar vikur á Heilsuhælinu í Hveragerði og um eitthvert skeið á Sjúkrahótelu Rauðakross Íslands. Samkvæmt vottorði Árna Björnssonar, sérfræðings í lýtalækningum, virðist hafa tekist að mestu leyti, en ekki alveg öllu, að ráða bót á þeirri óprýði, sem gagnáfrýjandi hlaut af meiðslunum, með aðgerðinni 5. - 18. febrúar 1978.

Þegar framangreint er virt, verða fébætur til gagnáfrýjanda vegna sársauka, óþæginda og óprýði ákveðnar 25.000.00 krónur.

Um 5. kröfulið.

Kröfuliður þessi er gögnum studdur og kröfufjárhæðinni ekki andmælt tölulega. Verður hann tekinn til greina.

Samkvæmt framansögðu verður aðaláfrýjandi dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda 56.804.00 krónur með vöxtum, svo sem segir í héraðsdómi, en um vaxtaákvæði hans er enginn ágreiningur fyrir Hæstarétti. Þá ber og að staðfesta ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 18.000.00 krónur og renni í rikissjóð.

Allur gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hennar, 18.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjandi, Þráinn Gíslason, greiði gagnáfrýjanda, Sólveigu Aðalbjörgu Sæmundsdóttur, 56.804.00 krónur ásamt vöxtum af þeirri fjárhæð svo og málskostnað, eins og segir í dómsorði hins áfrýjaða dóms.

Aðaláfrýjandi greiði 18.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð.

Allur gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hennar, Jóns Finnssonar hæstaréttarlögmanns, 18.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. apríl 1982.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. mars sl., höfðaði Sólveig Aðalbjörg Sæmundsdóttir, nnr. 8315-3652, Grensásvegi 58, Reykjavík, gegn Þráni Gíslasyni, nnr. 9835-2511, Ásbraut 3, Kópavogi, áður til heimilis að Grundarstíg 11, Reykjavík, með stefnu, birtri 27. maí 1981.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða henni kr. 73.737.00 með 13% ársvöxtum frá 29. maí 1977 til 21. nóvember s.á., 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21 febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s.á., 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnað að skaðlausu að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnanda verði gert að greiða honum málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands eða að mati dómsins. Til vara, að kröfur stefnanda verði verulega lækkaðar og einvörðungu teknar til greina að óverulegu leyti og málskostnaður felldur niður.

Sættir voru reyndar í máli þessu, en án árangurs.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Krafa stefnanda er um greiðslu bóta fyrir tjón af líkamsárás, sem hún segir stefnda hafa veitt sér 29. maí 1977, en líkamsárás þessa kærði stefnandi til Sakadóms Reykjavíkur með bréfi, dags. 3. júní 1977. Aðiljar og tvö vitni gáfu skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins á árunum 1977 - 1979 svo og skýrslu fyrir dóminum 19. mars sl.

Laugardaginn 28. maí 1977 kom kona að nafni Hulda Sigurðardóttir í heimsókn til stefnanda á heimili hennar. Stefnandi og Hulda þekktust sem vinnufélagar, en stefnandi kveður þó kunningskap þeirra ekki hafa verið mikinn. Að kvöldi þessa dags fóru þær á skemmtistað hér í borg og segjast báðar hafa neytt áfengis. Að skemmtuninni lokinni fór Hulda heim með stefnanda og gisti þar um nóttina, og kveður stefnandi það vera í fyrsta skipti, sem hún hafi gist á heimili sínu. Hulda dvaldi áfram hjá stefnanda næsta dag, en þá kom í heimsókn kunningi stefnanda að nafni Haukur Helgason. Stefnandi kveðst hafa þekkt Hauk frá árinu 1945, þegar þau hafi dvalið bæði sem sjúklingar á Vífilsstöðum. Kunningskapur þeirra hafi að mestu fallið niður þar til fyrir nokkrum árum, að þau hafi endurnýjað hann og verið nánir vinir um skeið. Þau hafi þá bæði verið fráskilin, en fyrir skömmu hafi Haukur aftur tekið upp sambúð við fyrri konu sína. Hafi þá dregið úr vináttu þeirra.

Um daginn kom og í heimsókn stefndi, Þráinn Gíslason, en hann kveðst hafa hringt í stefnanda og talað við hana og Huldu. Hafi stefnandi boðið sér að koma í heimsókn. Stefnandi segir stefnda hins vegar hafa beðið um að fá að koma í heimsókn, sem hún hafi heimilað. Stefndi kveðst hafa kannast lítillaga við stefnanda, en þau Hulda hafi þekkt allt frá árinu 1974 eða 1975 og hafi verið búin að búa saman í eitt eða tvö ár á þessum tíma og hafi búið óslitið saman í óvígðri sambúð til þessa dags. Stefndi kveðst hafa verið búinn að neyta áfengis lítillaga, áður en að hann fór í heimsóknina, en daginn áður hafi hann ekki neytt áfengis. Hann telur, að þær stefnandi og Hulda hafi verið búnar að neyta áfengis þá um daginn, áður en hann kom, en við það kannast stefnandi ekki. Vitnið Hulda telur þó, að þær hafi eitthvað lítils háttar drukkið af áfengi, áður en stefndi kom. Vitnið Haukur kveðst hafa verið illa á sig kominn af langvarandi áfengisneyslu, þegar hann kom í heimsókn.

Stefndi hafði með sér fulla flösku af áfengi og gítar. Þegar stefndi kom, var tekið til við áfengisdrykkju. Stefnandi kveðst þó lítið hafa drukkið, þar sem hún neyti yfirleitt ekki áfengis tvo daga í röð. Stefndi tók að spila á gítarinn, og upphófst gleðskapur.

Stefnandi lýsir aðdraganda þess, að hún hlaut áverkann svo, að stefndi hafi alltaf verið eitthvað ónotalegur við sig. Þegar þau hafi setið saman í sófanum inni í stofu, hafi hann eitthvað verið að hnippa í sig, þannig

að hún hafi fært sig þaðan í stól við hlið sófans. Kveður stefnandi sig gruna, að stefndi hafi talið, að hún spillti sambúð hans og Huldu, sem hafi verið að ósekju. Við þetta kannast stefndi ekki og telur sig ekkert hafa átt sökótt við stefnanda og hafi ekkert haft að athuga við, að Hulda gisti hjá henni. Stefnandi segir þau hafa spjallað áfram, en nokkru seinna hafi hún staðið upp og ætlað út úr stofunni. Þegar hún hafi verið komin að dyraopi, sem sé á milli stofunnar og hols fyrir framan hana, hafi stefndi komið á eftir sér, hún snúið sér við og þá hafi hann slegið sig í andlit og höfuð og víðs vegar um líkamann. Stefnandi kveðst hafa hniðið í gólfið, misst meðvitund og fengið taugaáfall. Stefnandi kveður útilokað, að hún hafi rekið sig á nokkuð, þegar hún féll í gólfið.

Á þessum tíma hafi vitnið Haukur setið á stól við síma frammi í holinu, og kveðst stefnandi muna eftir því, að þeir Haukur og stefndi hafi verið að slást, þegar hún hafi staulast á fætur, og hafi stefndi haft Hauk undir. Hún hafi engin afskipti haft af átökum þeirra. Stefndi kveðst ekki minnast þess, að hann hafi lent í neinum deilum við stefnanda né heldur hafi hann verið að ýta við henni þarna í gleðskapnum. Stefndi kveður, að verið geti, að þau Hulda hafi farið að deila, en kveðst ekki muna til þess, að stefnandi skipti sér neitt af því. Það hafi hafist átök á milli sín og Hauks út af einhverju, sem verið var að deila um, en stefndi kveðst ekki muna, út af hverju. Upphaf átakanna muni hafa verið þeim báðum að kenna. Stefnandi muni einhver afskipti hafa haft af ryskingunum og hljóti að hafa verið að reyna að skilja þá Hauk. Stefndi kveður stefnanda hafa slegið til sín, en kveðst ekki muna, hvernig hann hafi brugðist við því höggi, en muni þó, að hann hafi ekki lagt hendur á stefnanda og haldið áfram átökum við Hauk. Hann kveðst ekki muna, hvað stefnandi hafi gert, eftir að hún sló til sín, en hann hafi séð hana falla í gólfið. Stefndi kveðst ekki geta skýrt frá því, hvernig það hafi viljað til, en stefnandi hljóti að hafa henst til að völdum þeirra Hauks. Hann kveðst ekki muna, hvort þeir Haukur hafi haldið áfram átökum, eftir að stefnandi féll í gólfið, en kveðst vera viss um, að hann hafi ekki slegið til stefnanda með þeim afleiðingum, sem síðar komu í ljós.

Stefndi kveðst ekki muna, hvort Haukur hafi beðið þau Huldu að yfirgefa íbúðina, né heldur að hafa tekið símann af Hauki. Stefndi kvað útilokað, að hann hefði verið undir svo miklum áfengisáhrifum, að hann myndi ekki af þeim sökum, hvað gerðist þarna í íbúðinni.

Vitnið Hulda segir, að þau stefndi hafi verið að þrasa og hafi Haukur og stefndi farið að tuskast út af því. Stefnandi hefði eitthvað skipt sér af þrasi þeirra stefnda og síðan ætlað að ganga á milli hans og Hauks og þess vegna hafi stefnandi eflaust orðið fyrir áverkum. Ryskingarnar hafi átt sér stað inni í stofu og líka frammi í holi, en vitnið kveðst ekki muna

nákvæmlega, hvar þær hafi byrjað, en þær hafi borist fram í holið og inn í eldhús. Einhvers staðar í dyraopinu á milli stofu og hols muni stefnandi hafa hnigið í gólfið og hafi þeir stefndi og Haukur þá verið í átökum. Vitnið kveðst ekki hafa séð, að stefndi og stefnandi slægju hvort til annars. Það hafi gerst snögglega, að stefnandi hné í gólfið. Hún hafi ekki kallað til stefnda, hvort hann ætlaði að drepa stefnanda. Hins vegar hafi hún kallað til stefnanda, hvort hún ætlaði að láta þá drepa sig. Vitnið kveðst ekki hafa séð stefnanda detta á neitt í fallinu. Hún kveðst ekki muna, hvort þeir stefndi og Haukur hafi haldið áfram að slást, eftir að stefnandi féll í gólfið.

Vitnið kvað hafa verið erfiðleika í sambúð sinni og stefnda, stuttu áður en þetta gerðist, en kveðst ekki minnst þess að hafa sagt, að hún ætlaði að slíta sambúðinni við stefnda, en tekur þó ekki fyrir það. Stefndi hafi aldrei lagt á sig hendur. Vitnið Hulda kvaðst ekki vita til þess, að stefnandi og stefndi hefðu átt neitt sökótt hvort við annað.

Vitnið Haukur gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 7. september 1977 og skýrði þá svo frá, að sig minnti, að stefnandi hefði beðið stefnda að fara burt, þegar hann hafi verið orðinn allölvaður og leiðinlegur. Þegar stefndi hafi ekki sinnt því hafi hún beðið sig að koma honum út og hafi hann beðið stefnda að fara. Stefndi hafi neitað því algjörlega og tekið af sér símann, þegar hann hafi gert tilraun til þess að hringja í lögregluna til þess að fá hana til að fjarlægja stefnda. Vitnið kvaðst síðan hafa sofnað fram á skrifborðið, þar sem síminn hafi verið, og munað næst eftir því, að enginn hafi verið í íbúðinni nema Sólveig inni í rúmi sínu, hún hafi þá beðið sig um að hringja til læknis, þar sem hún væri veik, en hann hafi sagt henni, að hún væri ekkert veik, og ekki hafa hringt til læknis. Síðan hafði hann farið.

Hinn 13. mars 1979 gaf vitnið Haukur skýrslu á nýjan leik hjá rannsóknarlögreglunni og skýrði þá svo frá, að hann hefði reynt að hringja í lögreglu í því skyni að fá hana til þess að fjarlægja stefnda og vitnið Huldu að beiðni stefnanda, en stefndi hefði tekið af sér símann og hefði hann síðan sofnað í stól við símaborðið. Hann hefði vaknað við, að vitnið Hulda hrópaði upp yfir sig „ætlarðu alveg að drepa hana“ og þá séð, að stefnandi hafi legið á gólfinu í stofunni og stefndi staðið yfir henni og barið hana marg sinnis með hnefunum. Hann hafi þá ætlað að standa á fætur, en verið svo máttfarinn, að hann hafi ekki haft vald á sjálfum sér, hvað þá að hann gæti komið öðrum til hjálpar. Stefndi hafi hætt að berja stefnanda, eftir að vitnið Hulda hrópaði upp yfir sig, og hafi stefnandi þá farið inn í svefnherbergi.

Vitnið kveður ástæðuna fyrir því, að hann hefði ekki skýrt rétt frá í fyrri skýrslu sinni hjá rannsóknarlögreglu ríkisins þá, að hann hefði talið, að

stefndi myndi viðurkenna að hafa ráðist á stefnanda. Hefði hann ekki vilja að fá kvaðningu frá lögreglu til þess að gefa frekari skýrslu í máli þessu af ötta við, að eiginkona sín kæmist að því, að hann hefði verið þarna. Hefði hann einvörðungu hugsað um að bjarga eigin skinni. Eiginkona sín hefðu engu að síður komist að þessu og þá hafði ekki neinu verið að leyna lengur og þá hefði samviskan boðið sér að skýra satt og rétt frá atburðarásinni. Hann hefði heimsótt stefnanda á sjúkrahús og séð, að hún var öll blá og marín, en skýrslugjöf sín hefði aldrei komið til tals á milli sín og hennar. Vitnið kveðst vera visst um, að hann hefði séð stefnda berja stefnanda.

Stefnandi kveðst hafa unnið við ræstingu í Iðnskólanum í nokkur ár, áður en hún varð fyrir áverkunum, þó ekki á sumrin. Hún hafi jafnframt unnið á saumastofu, en verið hætt því nokkru áður.

Af hálfu stefnanda er á því byggt, að upplýst sé í málinu, að stefnandi hafi orðið fyrir þeim miklu áverkum, sem lýst sé í skjölum málsins, á þeim stað og tíma, sem um sé getið í stefnu. Framburður stefnanda studdur af framburði vitnisins Hauks Helgasonar sé skýr og ótvíráður, þ.e.a.s. að stefndi hafi ráðist á stefnanda, er hún var á leið út úr stofunni, og veitt henni þá áverka, sem hún varð fyrir. Ekki sé öðrum til að dreifa en stefnda, sem getað hafi veitt stefnanda þessa áverka.

Vitnið Haukur Helgason hafi verið sjónarvottur að því, að stefndi hafi slegið stefnanda, og verði að líta á framburð stefnanda og vitnisins sem fulla sönnun fyrir því, að staðhæfing stefnanda um, hvernig hún fékk áverkana, sé rétt.

Vitnið Haukur Helgason hafi gefið fullnægjandi skýringu á því, hvers vegna hann hafi ekki skýrt rétt frá í fyrra skiptið, sem hann gaf skýrslu fyrir rannsóknarlögreglu ríkisins og sé engin ástæða til þess að draga sannleiksgildi seinni framburðar hans fyrir rannsóknarlögreglunni og framburðar fyrir dómi í efa.

Á skýrslum stefnanda og vitnisins Hauks verði að byggja niðurstöðu í málinu hvað sök varði, en atvikalýsing stefnda sé mjög á reiki og viti hann ekki nema að litlu leyti, hvað hafi gerst.

Fjárkröfur stefnanda byggjast m.a. á örorkumati og örorkutjónsútreikningi, sem lagður hefur verið fram í málinu, og sundurliðar hún þær svo:

1. Bætur vegna tímabundinnar örorku	kr. 18.604.00
2. Bætur vegna varanlegrar örorku	— 26.110.00
3. Bætur vegna skertra lífeyrisréttinda	— 1.719.00
4. Bætur vegna þjáninga, óþæginda, lýta og röskunar á stöðu og högum	— 25.000.00

5. Útlagður kostnaður	—	2.305.00
Samtals	kr.	73.737.00

Björn Önundason læknir mat örorku stefnanda, og er ályktun í matsgerð hans sem dagsett er 4. mars 1981, svohljóðandi:

„Það er um að ræða rúmlega 63 ára gamla konu, sem h. 29. maí '77 er sögð hafa orðið fyrir líkamsárás á heimili sínu. Við slys þetta hlaut slasaða slæmt brot á neðri kjálka á forjaxlasvæði beggja megin. Slasaða leitaði á Slysadeild Borgarspítalans h. 30. 5. '77 eða daginn eftir nefnda líkamsárás. Þann dag var gerð aðgerð af Jóni Viðar Arnórssyni, tannskurðlækni. Slasaða var útskrifuð af Háls- nef- og eyrnadeild Borgarspítalans h. 6. 6. '77, en var síðan til eftirlits hjá Jóni Viðar Arnórssyni, tannskurðlækni. Síðar var gerð aðgerð á lýtalækningadeild Landspítalans þ.e. í febr. '78. Slasaða var vistuð á lýtalækningadeild Landspítalans frá 5. 2. '78 til 18. 2. '78.

Telja verður að slasaða hafi verið óvinnufær vegna nefnds slyss frá því að hún varð fyrir árásinni h. 29. 5. '77 og þar til kjálkabrotið var gróið 19. 10. '78 eða samtals í 17 mánuði. Varanlega er hér um nokkra örorku að ræða.

Það er þannig um að ræða rúmlega 63 ára gamla konu, sem h. 29. 5. '77 varð fyrir líkamsárás með þeim afleiðingum að neðri kjálki brotnaði beggja vegna á forjaxlasvæði. Gera varð aðgerð á Borgarspítala í maí 1977, og enn síðar í febr. '78 á Landspítala. Brot þetta greri seint og hefur valdið slösuðu verulegum þjáningum. Erfiðlega hefur gengið að smíða gerfitennur í slösuðu og enn virðist vera bitskekkja fyrir hendi. Ekki eru taldar líkur á að frekari aðgerðir munu hér bæta úr. Nokkur lýti eru í andliti, sem vafalítið eru varanleg og hugsanlegt er, að slasaða eigi í framtíðinni í erfiðleikum með að fá passandi gervitennur.

Þar sem ekki þykir nú líklegt að um frekari bata á afleiðingum áður nefnds slyss verði hér eftir að ræða þykir nú eðlilegt að meta þá tíma- bundnu og varanlegu örorku sem slasaða telst hafa hlotið af völdum þessa slyss og þykir hún hæfilega metin sem hér segir:

Frá slysdegi talið í 17 mánuði	100%
Varanlega	15%“

Guðjón Hansen tryggingafræðingur reiknaði út örorkutjón stefnanda 13. apríl 1981, og segir m.a. svo í útreikningum hans:

„Sólveig er sögð fædd 27. september 1917 og hefur samkvæmt því verið 59 ára gömul, er hún varð fyrir ofangreindu slysi. Samkvæmt upplýsingum

yðar, herra lögmaður, hafði hún ekki fulla starfsorku fyrir slysið, var ein í heimili og vann utan heimilis sem svaraði hálfum vinnudegi. Á skattframtölum hennar kemur fram, að hún hefur notið örorkustyrks frá almannatryggingum. Samkvæmt staðfestum ljósrítum af skattframtölum hennar fyrir starfsárin 1974 - 1978 voru launatekjur hennar þau ár sem hér segir:

Árið 1974	kr. 3.574.-
Árið 1975	— 3.726.-
Árið 1976	— 3.966.-
Árið 1977	— 2.645.-
Árið 1978	— 0.-

Með hliðsjón af því, sem að framan er rakið, hef ég miðað eftirfarandi útreikning við tvenns konar tekjugrundvöll, annars vegar við launatekjur Sólveigar árin fyrir slysið og hins vegar við dagvinnutekjur iðnverkamanns, svo sem nánar verður greint frá hér á eftir. Tvær ástæður geta verið fyrir því, að óeðlilegt þyki að nota fyrrnefnda tekjugrundvöllinn. Er fyrri ástæðan sú, að líta verður á hið metna orkutap sem hundraðshluta af fullri starfsorku, en eins og áður segir hafði Sólveig skerta starfsorku fyrir slysið. Í öðru lagi getur verið eðlilegt að meta að einhverju leyti til fjár heimilisstörf einstæðrar konu með eigið heimili, en litlar tekjur af vinnu utan heimilis. Þar sem tekjutap verður aldrei talið meira en sem svarar til þeirra starfa, sem slasaða hefði innt af hendi, ef hún hefði ekki slasast, hefur það veruleg áhrif á mat á tímabundnu tekjutapi, þ.e. fyrstu 17 mánuðina eftir slysið, hvort síðarnefnda sjónarmiðið er viðurkennt.

Þegar framangreindar launatekjur Sólveigar starfsárin 1974 - 1976, þ.e. þrjú starfsár fyrir slysið, eru umreiknaðar með tilliti til breytinga, sem orðið hafa á kaupþöxtum verkamanna, reiknast mér meðallaunatekjur hennar þessi þrjú ár verða sem hér segir:

Árið 1977, frá slysdegi	Kr. 7.727.-
Árið 1978	— 10.807.-
Árið 1979	— 15.450.-
Árið 1980	— 23.371.-
Árið 1981	— 31.944.-
Eftir þann tíma	— 32.246.-

Ef þessar tekjur eru lagðar til grundvallar tjónsútreikningi og tekjutap reiknað í samræmi við áðurnefnt örorkumat, reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema:

Vegna tímabundins orkutaps í 17 mánuði	Kr. 11.889.-
Vegna varnalegs orkutaps eftir þann tíma	— 16.767.-
Samtals	Kr. 28.656.-

Sé gert ráð fyrir tapi lífeyrisréttinda í hlutfalli við tekjutap og réttindin reiknuð þannig til fjár, að þau teljist jafngilda framlagi vinuveitanda til lífeyrissjóðs, hækkar ofangreint verðmæti um kr. 1.719.-. Er þá gert ráð fyrir, að allar launatekjurnar séu gjaldskyldar til lífeyrissjóðs, en það er í samræmi við iðgjaldagreiðslur Sólveigar síðasta árið fyrir slysið.

Ef miðað er við föst mánaðarlaun samkvæmt 8. launaflokki Iðju í Reykjavík (2. launaflokki eldri kjarasamnings) með fullri starfsaldurshækkun, verða árlegar vinnutekjur sem hér segir:

Árið 1977, frá slysdegi	Kr. 12.020.-
Árið 1978	— 16.966.-
Árið 1979	— 23.892.-
Árið 1980	— 36.210.-
Árið 1981	— 49.826.-
Eftir þann tíma	— 50.297.-

Miðað við þennan tekjugrundvöll og tap tekna í samræmi við örorkumat-
ið reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema:

Vegna tímabundins orkutaps í 17 mánuði	Kr. 18.604.-
Vegna varanlegs orkutaps eftir þann tíma	— 26.110.-
Samtals	Kr. 44.714.-

Tekið skal fram, að líta verður á ofangreindan tekjugrundvöll sem mæli-
kvarða á lágmarkstekjur manns í fullu starfi, en ekki sem mælikvarða á
algengar vinnutekjur launþega.

Reiknað er með 13% ársvöxtum og töflum um starfsorkulíkur, sam-
ræmdum eftirlífendatöflum íslenskra kvenna 1951 - 1960.“

Stefnandi segir miskabótakröfu sína áætlaða með hliðsjón m.a. af áverk-
um og varanlegum afleiðingum þeirra. Krafa um útlagðan kostnað sé sam-
kvæmt greiddum reikningum. Engu breyti um bótarétt stefnanda, að hún
hafi verið metin 75% öryrki á árinu 1961, en það hafi verið vegna berkla
og asma.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að framburðir stefnda og vitnisins
Huldu séu hinir sömu bæði fyrir rannsóknarlögreglu og dómi, en fram-
burður vitnisins Hauks hafi tekið á sig ýmsar myndir og þær skýringar,

sem hann gefi á breytingunum, séu ekki sannfærandi. Haukur hafi og mikla hagsmuni af því að vera ekki talinn samábyrgur með stefnda fyrir tjóni stefnanda. Fyrri framburður Hauks fyrir rannsóknarlögreglu sé um margt svipaður framburðum stefnda og vitnisins Huldu, en á framburðum þeirra tveggja verði að byggja niðurstöðu í málinu. Í þessum framburðum komi fram, að stefndi hafi ekki ráðist á stefnanda og ekki hafi verið leidd í ljós nein sennileg ástæða fyrir því. Allt bendi til þess, að stefnandi hafi fallið í gólfíð, þegar hún blandaði sér í átök stefnda og Hauks, sem hún hafi þó verið vörud við af vitninu Huldu, en öllum beri saman um, að stefnandi hafi fallið í gólfíð. Um sé að ræða óhappatilvik, sem stefndi beri ekki ábyrgð á.

Stefnandi hafi ekki sannað, að stefndi hafi veitt sér áverka.

Ekki sé byggt á því í málinu, að stefnandi hafi orðið fyrir höggi, sem stefndi ætlaði að greiða vitninu Hauki, en í því tilviki hefði orðið að stefna bæði vitninu Hauki og stefnda.

Verði ekki fallist á sýknukröfu stefnda, beri að lækka kröfur stefnanda samkvæmt dómvenjum í þeim efnum. Einnig beri að lækka kröfurnar á þeim forsendum, að stefnandi hafi verið 75% öryrki, áður en hún varð fyrir meiðslunum, og njóti 100% örorkustyrks og beri að draga þessar bætur frá bótum, sem dæmdar kunni að verða.

Miskabótakröfu sé mótmælt sem of hárrí. Ekki sé mótmælt kröfu um greiðslu útlagðs kostnaðar né vaxtakröfu.

Niðurstaða.

Eins og að framan er rakið, byggir stefnandi kröfur sínar á því, að stefndi hafi með líkamsárás veitt sér áverka með þeim afleiðingum, að hún hafi orðið fyrir fjártjóni og miska. Stefndi hafnar þessu og telur, að um óhappatilvik hljóti að hafa verið að ræða og, beri hann ekki ábyrgð á því.

Fram kemur í áverkavottorði Jóns Viðars Arnórssonar tannskurðlæknis, sem lagt hefur verið fram í málinu og vitnað er til í örorkumati Björns Öndarsonar læknis, að fyrir utan slæmt brot á neðri kjálka á forjaxlasvæði sitt hvorum megin hafi athygli vakið, að stefnandi var víða marinn um líkamann, þegar skoðun fór fram daginn eftir að stefnandi hlaut áverkana.

Ekki er upplýst né því haldið fram, að stefnandi hafi fengið áverka þessa á öðrum tíma né vegna annarra atvika en þeirra, sem komið hafa fram í málinu.

Þegar litið er til lýsingar á áverkum stefnanda, þykja þeir svo miklir, að útilokað sé, að hún hafi hlotið þá með þeim hætti, sem stefndi telur líklegan, þ.e.a.s. að stefnandi hafi hengt til og í gólfíð vegna afskipta

hennar af átökum, sem hann kveður hafa orðið á milli sín og vitnisins Hauks Helgasonar.

Vitnið Haukur kannast ekki við að hafa lent í átökum við stefnda með þessum afleiðingum, og er samræmi í framburðum hans að þessu leyti, en vitnið Hulda Sigurðardóttir telur, að svo hafi verið.

Yfirgnæfandi líkur þykja á, að stefnandi hafi hlotið áverkana vegna beinnar líkamsárásar, og á því verður að byggja. Þótt framburðir séu ósamhljóða um atvik málsins að þessu leyti, þykir ekki öðrum til að dreifa, sem líkamsárásina hefur getað framið, en stefnda, og verður hann talinn bera sök á henni.

Á þeim tíma, er stefnandi hlaut áverkana, vann hún utan heimilis við ræstingu einvörðungu, og samkvæmt skattframtölum hennar hefur hún ekki haft launatekjur af annarri vinnu frá árinu 1977. Árin 1975 og 1976 vann hún samhliða hjá öðrum atvinnurekendum, en hafði af þeirri vinnu mun minni tekjur en af ræstingarstörfunum.

Eins og fram hefur komið, var stefnandi metinn 75% öryrki á árinu 1961 vegna berkla og asma, en sú örorka mun ekki hafa verið metin að nýju samkvæmt upplýsingum lögmanns stefnanda.

Stefnandi byggir kröfur sínar vegna fjártjóns á örorkutjónsútreikningum Guðjóns Hansen tryggingafræðings frá 13. apríl 1981. Tjón stefnanda er reiknað út á tvenns konar forsendum, annars vegar miðað við launatekjur stefnanda árin 1974 - 1978 og hins vegar miðað við föst mánaðarlaun samkvæmt 8. launaflokki Iðju í Reykjavík. Eins og málum er háttað, þykir við ákvörðun bóta vegna fjártjóns stefnanda réttara að hafa hliðsjón af þeim útreikningi tryggingafræðingsins, sem byggður er á launatekjum stefnanda.

Með framanskráð í huga og önnur atvik málsins þykja bætur til stefnanda fyrir fjártjón, þ.e. samkvæmt kröfuliðum 1 - 3, hæfilega ákveðnar kr. 29.500.00, og er þá tekið tillit til hagræðis af eingreiðslu og skattfrelsis bótanna, en skilja verður málflutning stefnda svo, að hann geri kröfu til þess.

Ljóst er, að stefnandi hefur orðið fyrir umtalsverðum miska, og þykja bætur fyrir hann hæfilega ákveðnar kr. 16.000.00.

Stefndi hefur ekki mótmælt kröfu stefnanda um greiðslu útlagðs kostnaðar, kr. 2.304.00, og verður hún tekin til greina.

Niðurstaða dómsins er því sú, að stefnda beri að greiða stefnanda kr. 47.804.00.

Vaxtakrafa stefnanda hefur ekki sætt andmælum af hálfu stefnda. Engu að síður þykir ekki unnt að taka til greina kröfu stefnanda um greiðslu dómvaxta frá 1. júní 1980 samkvæmt lögum nr. 56/1979, 1. gr., þar sem stefna í málinu er ekki birt fyrr en 27. maí 1981. Vextir af tildæmdri fjár-

hæð ákveðast því sem hér segir: 13% ársvextir frá 29. maí 1977 til 21. nóvember s.á., 16% ársvextir frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvextir frá þeim degi til 1. september s.á., 27% ársvextir frá þeim degi til 1. desember s.á., 31% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvextir frá þeim degi til 27. maí 1981, 42% ársvextir frá þeim degi til 1. júní s. á., 39% ársvextir frá þeim degi til dómsuppsögudags og síðan hæstu lögleyfðu innlánsvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Málkostnaður, sem stefndi greiði stefnanda, þykir hæfilega ákveðinn kr. 9.500.00.

Friðgeir Björnsson borgardómari kvað upp dóm þennan, en dómsuppsaga hefur dregist nokkuð vegna réttarhlés.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Þráinn Gíslason, greiði stefnanda, Sólveigu Aðalbjörgu Sæmundsdóttur, kr. 47.804.00 með 13% ársvöxtum frá 29. maí 1977 til 21. nóvember s.á., 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s.á., 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 27. maí 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s.á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögudags og síðan hæstu lögleyfðu innlánsvexti frá þeim degi til greiðsludags og kr. 9.500.00 í málkostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
